

8. gr.

Málalyktir.

Nefndin skal skila skriflegri, rökstuddri álitssgerð um málið. Hafi nefndin skilað álit í sambærilegu máli er henni heimilt að vísa bréflæga til þeirrar úrlausnar og skal aðila þá veittur 10 daga frestur til þess að taka til þess afstöðu hvort hann óski allt að einu eftir því hvort málið verði tekið til efnislegrar úrlausnar.

Ágreiningsefnum verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

9. gr.

Málshraði.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og skila álitu svo fljótt sem kostur er og jafnan innan tveggja mánaða frá því að erindi barst henni.

10. gr.

Útgáfa álitssgerða.

Nefndin skal birta allar álitssgerðir opinberlega. Skulu nöfn einstaklinga og heimilisföng ekki koma fram við opinbera birtingu.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. mgr. 85. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. nóvember 2001.

Páll Pétursson.

Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggða í landi Smáratúns í Fljótshlíðarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Fljótshlíðarhrepps, þann 11. júlí 2001, deiliskipulag frístundabyggðanna Vesturtún og Stekkjartún í landi Smáratúns í Fljótshlíðarhreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu 8 sumarhúsa og 16 smáhúsa ásamt vegum og bílastæðum.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 12. nóvember 2001.

F.h. sveitarstjórnar Fljótshlíðarhrepps,

Hrafn Jóhannsson byggingarfulltrúi.